



Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023

Brynja Halldórsdóttir (formaður jafnréttisnefndar), Arnar Gíslason og Sveinn Guðmundsson (jafnréttisfulltrúar)



Forsendur og vinna

- Jafnréttisáætlun er lagaskylda (lög nr. 10/2008) og hana þarf að endurskoða á 3ja ára fresti
- Síðasta áætlun (2018-2020) byggir á HÍ21, og hefur hún nú verið endurskoðuð (sjá drög). Gert ráð fyrir að næsta jafnréttisáætlun (2024-2026) byggji á næstu stefnu (HÍ26)
- Í ferlinu var ábyrgðaraðilum boðið að gera athugasemdir við aðgerðir, og drögin jafnframt send til *Ráðs um málefni fatlaðs fólks við HÍ* og *Jafnréttisstofu*
- Áætlun kynnt fyrir rektor og stýrihóp HÍ26 í desember 2020

Almennt um áætlunina og breytingar

- Lög sem höfð voru til hliðsjónar:
 - lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði
 - lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
 - lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði
- Ný jafnréttislög voru afgreidd rétt fyrir jól
- COVID
- Drög Jafnréttisáætlun samanstendur af markmiðum og aðgerðum. Sama uppbygging og í síðustu áætlun (sem miðaðist við uppbyggingu HÍ21):
 - Nám, kennsla og rannsóknir
 - Mannauður
 - Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi
 - Eftirfylgni



Helstu breytingar

- Mörgum aðgerðum lokið á meðan aðrar eru viðvarandi eða síendurteknaðar
- Nokkrar aðgerðir voru uppfærðar og gerðar hitmiðaðri
- Sumar aðgerðir eru nýjar, til dæmis:
 - 2.1. Að meta og bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins innan háskólasamfélagsins, með áherslu á jaðarsetta hópa og fjölþætta mismunun.
 - 2.14 Tilvist kynsegin fólks í HÍ gerð sýnilegri

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023

I. Inngangur

Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum í stefnu Háskóla Íslands, leiðarljós í starfi hans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu (HÍ21, Stefna Háskóla Íslands 2016-2021).

Fyrsta jafnréttisáætlun Háskóla Íslands var samþykkt af háskólaráði árið 2000 og er þessi jafnréttisáætlun sú sjötta sem skólinn setur sér.

Mismunur á grundvelli kyns, kyngeris, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar er óheimil innan Háskóla Íslands.

Jafnréttisáætlunin var unnin af jafnréttisnefnd undir stjórn formanns nefndarinnar og í samvinnu við ráð um málefni fatlaðs fólks við HÍ, jafnréttisfulltrúa og sérfræðinga innan Háskóla Íslands. Áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna en að auki er leitast við að tvinna saman ólíkar víddir jafnréttis. Mikilvægt er að jafnréttisstarf Háskóla Íslands taki mið af breytingum á íslensku samfélagi. Starf háskólasamfélagsins í tengslum við aukna fjölbreytni er mikilvægur liður í þróun lýðræðissamfélags og er mikilvægt að háskólinn sé frumkvöðull í þeirri vinnu, m.a. með því að leitast við að hafa sem fjölbreyttastan hóp starfsfólks og nemenda.

Áskoranir í háskólasamfélagi nútímans eru fjölbreyttar. Setja þessar áskoranir sinn svip á líf, nám og starf. Kalla breyttir tímar, eins og heimsfaraldurinn COVID-19, á meiri sveigjanleika í starfi og kennslu við háskólann. Aukin samkeppni í námsumhverfinu og í fjárveitingum setur sinn svip á starfs-, rannsóknar- og námsumhverfi, og hefur langvarandi áhrif á samræmingu einkalífs og vinnu. Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni að því að skapa jafnvægi milli einkalífs, náms og starfs, til dæmis með því að rannsaka áhrif COVID-19 á líf og starf jaðarsettra hópa (m.a. með tilliti til kyns, uppruna, fötlunar og hinseginsjónarhorns).

Lög sem liggja til grundvallar

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023 leggur stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 til grundvallar. Þá grundvallast áætlunin á jafnræðisreglu 65. gr. [stjórnarskrárinnar nr. 33/1944](#), sbr. [lög nr. 97/1995](#). Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands byggist á [lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#); [lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna](#); [lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði](#) og tekur mið af ákvæðum laga nr. [38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir](#), [Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks](#) og [lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði](#).

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða liggur til grundvallar áætluninni og skal gæta kynjasamþættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð (sbr. 30. gr. laga nr. 150/2020) og jafnrétti skal fléttað inn í starfsemi skólans.

Í áætluninni eru sett fram markmið og skilgreindar aðgerðir sem eiga að tryggja starfsfólki lögboðin réttindi samkvæmt 6.-7. og 12.-14. gr. laga nr. 150/2020. Auk þess er tilgreint í áætluninni hvernig Háskóli Íslands sem menntastofnun uppfyllir 14. og 15. gr. laganna

gagnvart nemendum og 28. og 30. gr. sem þjónustustofnun. Loks byggir jafnréttisáætlunin á niðurstöðum skýrslunnar *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2012-2016* þar sem lagt er mat á stöðu jafnréttismála við Háskóla Íslands og stöðu þekkingar á jafnréttismálum.

Stjórnendur í HÍ skulu tryggja að kynin njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf, sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020.

Jafnframt skulu stjórnendur í HÍ gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020, þ.m.t. að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi vegna fjölskylduaðstæðna.

Hlutverk

Ábyrgð á jafnrétti í Háskóla Íslands er dreifð og sameiginleg, en endanleg ábyrgð á jafnréttisstarfi skólans hvílir á yfirstjórn hans, þ.e. háskólaráði og rektor.

Áætlunin nær til alls starfsfólks og nemenda sem í sameiningu bera ábyrgð á að koma í veg fyrir mismunun og leggja sitt af mörkum til að skapa háskólasamfélag sem einkennist af virðingu, skilningi og umburðarlyndi.

Jafnréttisnefnd fer með umsjón jafnréttismála í umboði rektors og háskólaráðs. Ráð um málefni fatlaðs fólks hefur umsjón með málefnum þess og nemenda með sértæka námsörðugleika í Háskóla Íslands, í umboði rektors og háskólaráðs. Jafnréttisfulltrúi hefur á vegum stjórnarsýslu Háskóla Íslands yfirumsjón með jafnréttismálum í samvinnu við jafnréttisnefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks. Jafnréttisfulltrúi fylgir eftir jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, stuðlar að því að jafnréttismál séu sjálfsagður þáttur í starfi skólans og er til ráðgjafar telji einstaklingar sig ekki njóta jafnréttis eða verða fyrir mismunun.

Hvert fræðasviðanna fimm, svo og miðlæg stjórnarsýsla, skulu setja sér aðgerðaáætlun um jafnréttismál sem byggir á jafnréttisáætlun þessari. Forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri og sviðsstjórar miðlægrar stjórnarsýslu bera ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé framfylgt innan starfssviðs hvers og eins.

Vakin er sérstök athygli á fagráði háskólans og verklagsreglum um viðbrögð gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni, sem og ofbeldi og einelti, sem finna má á jafnretti.hi.is, og þeirri skyldu háskólaborgara að tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um. Hver sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar.

Endurskoðun

Jafnréttisáætlunin gildir í þrjú ár og skal endurskoðuð að þeim tíma liðnum eða fyrir 1. janúar 2024. Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála skal unnin á fimm ára fresti og er gert ráð fyrir að næsta skýrsla fjalli um tímabilið 2017-2021.

II. Markmið og aðgerðir

Eftirfarandi markmið og aðgerðir stuðla að því að jafnréttisáætlunin nái fram að ganga á næstu þremur árum.

1. Nám, kennsla og rannsóknir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklök	Kostnaður
1.1. Að (þekking á) jafnrétti í víðum skilningi verði hluti af námi í menntavísindum í HÍ (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020, 10. grein laga nr. 85/2018 og lög nr. 59/1992 um réttindi fatlaðs fólks).	1.1.1. Unnið verði að því að stofna einingabært námskeið fyrir nemendur á Menntavísindasviði um jafnrétti í víðum skilningi.	1.1.1. Forseti Menntavísindasviðs í samráði við jafnréttisnefnd MVS.	1.1.1. Niðurstaða liggja fyrir á haustmisseri 2021.	1.1.1. Kostnaður og tekjur jafnast út.
1.2. Að stuðningur í námi og stoðþjónusta við nemendur af erlendum uppruna verði eflid.	1.2.1 Mentorakerfi fyrir nemendur af erlendum uppruna komið á laggirnar. 1.2.2 Upplýsingagjöf til nemendahópsins bætt 1.2.3 Finna leiðir til að auka möguleika nemenda til að gangast undir námsmat að hluta á ensku, ásamt því að tryggja fjármagn vegna þýðinga. 1.2.4 Háskólinn afli upplýsinga um fjölda innflytjenda í námi við HÍ.	1.2.1. Fjölmenningarfulltrúi í samvinnu við Skrifstofu alþjóðasamskipta, alþjóðafulltrúa SHÍ og námsbraut í alþjóðlegu námi í menntunarfræðum 1.2.2. Kennslusvið í samvinnu við markaðs- og samskiptasvið og upplýsingatækni-svið. 1.2.3. Kennslusvið, í samráði við deildir. 1.2.4. Kennslusvið	1.2.1. Mentora-kerfið komið af stað í upphafi haustmisseris 2021. 1.2.2-4. Tillögur liggja fyrir í lok haustmisseris 2021.	1.2.1. Enginn viðbótarkostnaður. 1.2.2. Enginn viðbótarkostnaður. 1.2.3. Fjármagn vegna þýðinga þarf að áætla. Bíða eftir nánari útfærslu. 1.2.4. Enginn viðbótarkostnaður.

<p>1.3. Að kennsluhættir verði aðgengilegir og svari þörfum fjölbreytts nemendahóps. Áhersla verði lögð á algilda hönnun í tengslum við aðgengilega kennsluhætti og námsumhverfi. Kennarar fái hagnýta fræðslu um kennslufræði margbreytilegra samfélagshópa.</p>	<p>1.3.1 Skipaður verði starfshópur um aðgengilega og sveigjanlega kennsluhætti, námsmat og námsumhverfi í anda algildrar hönnunar fyrir alla nemendur og leiðir til að tryggja kennurum grunnþekkingu í kennslufræði margbreytilegra samfélagshópa.</p> <p>1.3.2 Hannað verði rafrænt og hagnýtt námskeið fyrir kennara um kennslufræði margbreytilegra samfélagshópa.</p> <p>1.3.3 Fyrirliggjandi jafnréttisgátlisti í kennslu verði endurskoðaður og uppfærður reglulega (á íslensku og ensku) og kynntur fyrir kennurum og þeim sem koma að kennslu.</p> <p>1.3.4. Mánaðarlegir fræðslumolar um jafnréttismál kynntir á skjám bygginga HÍ.</p>	<p>1.3.1. Kennsluvið, í samráði við aðstoðarrekter kennslu, ráð um málefni fatlaðs fólks, rannsóknasetur í fötlunarfræðum og jafnréttisfulltrúa.</p> <p>1.3.2. Kennslustjórar FVS og MVS í samvinnu við kennslu-þróunarstjóra FVS og MVS, jafnréttisnefnd og RUMFF</p> <p>1.3.3. Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við Kennslumiðstöð (KEMST) og Jafnréttisnefnd</p> <p>1.3.4. Jafnréttisnefnd</p>	<p>1.3.1. Tillögur liggja fyrir í lok vormisseris2022.</p> <p>1.3.2. Vormisseri 2022</p> <p>1.3.3. Haustmisseri 2023</p> <p>1.3.4. Mánaðarlega</p>	<p>1.3.1. Enginn viðbótarkostnaður.</p> <p>1.3.2. Bíða eftir nánari útfærslu til að meta.</p> <p>1.3.3. 60.000.kr</p> <p>1.3.4. Enginn viðbótarkostnaður.</p>
<p>1.4. Að jafna kynjahlutfall nemenda (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020).</p>	<p>1.4.1. Gera úttekt og skilgreina aðgerðir sem stuðla að jafnara kynjahlutfalli í háskólasamfélaginu.</p>	<p>1.4.1. Jafnréttisfulltrúi, í samvinnu við samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna.</p>	<p>1.4.1. Árslok 2022.</p>	<p>1.4.1. Fjármagn til staðar</p>

1.5. Að samþætta jafnréttissjónarmið í kennslu (sbr. 15. og 30. grein laga nr. 150/2020 og 10. grein laga nr. 85/2018).	1.5.1. Vinnustofa fyrir kennara um samþættingu jafnréttissjónarmiða og kennslu, og sköpun námsumhverfis sem stuðlar að samvinnu í fjölbreyttum nemendahópi.	1.5.1. KEMST	1.5.1. Árleg vinnustofa fyrir kennara	1.5.1. Hluti af starfsemi.
1.6. Að auka samstarf framhaldsnema sem í verkefnum sínum fjalla um jafnréttismál.	1.6.1. Skapa vettvang fyrir samstarf á milli framhaldsnema á mismunandi fræðasviðum sem eru með viðfangsefni sem snerta jafnréttismál.	1.6.1. Félag doktorsnema (FeDon) í samvinnu við Jafnréttisnefnd.	1.6.1. Reglulegir viðburðir árlega.	1.6.1. Samtals kr. 150.000 yfir gildistíma áætlunar
1.7. Að matskerfi HÍ mismuni ekki eftir starfspáttum akademískra starfsmanna og fræðigreinum (sbr. 6.-7. grein laga nr. 150/2020).	1.7.1. Gerðar greiningar og settar fram tillögur til að tryggja að matskerfi háskólans geri ekki upp á milli fræðigreina í matskerfi háskólans og kynjuðum áhrifum þeirra.	1.7.1. Aðstoðarrektor vísinda í samstarfi við „vísindanefnd háskólastigsins“, vísinda- og nýsköpunarsvið og mannauðssvið.	1.7.1. Árslok 2021.	1.7.1. Í vinnslu.
1.8. Að kynjasjónarmið /jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar á öllum stigum rannsókna.	1.8.1. Vísinda- og nýsköpunarsvið standi að fræðslu um hönnun rannsókna með kynja- og jafnréttissjónarmið frá hönnun rannsókna til miðlunar niðurstaðna.	1.8.1. Vísinda- og nýsköpunarsvið, í samráði við aðstoðarrektor vísinda	1.8.1. Fyrsta námskeið á haustmisseri 2022. Viðvarandi verkefni.	1.8.1. Áætlaður kostnaður kr. 250.000.

2. Mannauður

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok	Kostnaður
2.1. Að meta og bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins innan háskólasamfélagsins, með áherslu á jaðarsetta hópa og fjölbætta mismunun.	<p>2.1.1. Kortleggja áhrif á starfsfólk í heild og móta tillögur. T.d.álag vegna breytinga á kennslufyrirkomulagi.</p> <p>2.1.2. Kortleggja áhrif á nemendur og móta tillögur.</p> <p>2.1.3. Finna leiðir til að meta beinar kynjaðar afleiðingar á framleiðni akademísks starfsfólks, og gera tillögur um hvernig megi leiðrétta fyrir þær.</p>	<p>2.1.1. Mannauðssvið</p> <p>2.1.2. Kennslusvið</p> <p>2.1.3. Aðstoðarrektor vísinda í samráði við mannauðssvið og vísinda- og nýsköpunarsvið</p>	<p>2.1.1. Tillögur liggi fyrir á haustmisseri 2021.</p> <p>2.1.2. Tillögur liggi fyrir á vormisseri 2022.</p> <p>2.1.3. Tillögur liggi fyrir á haustmisseri 2021.</p>	2.1.1.-3. Gert ráð fyrir að kostnaður verði áætlaður samhliða mótun tillagna.
2.2. Að laus störf hjá HÍ standi opin fólki af ólíkum uppruna, öllum kynjum og kyngervum, fötluðum og ófötluðum (sbr. 8. grein laga nr. 86/2018).	2.2.1. Leitast við að auka fjölbreytileika starfsfólks í kennslu, rannsóknum og stjórnslu, m.a. með því að gæta þess að starfsauglýsingar séu hvetjandi fyrir alla hópa, könnun lögð fyrir til að kanna fjölbreytileika starfsfólks og sett á fót fræðsla um fjölbreytileika fyrir matsnefndir.	2.2.1. Mannauðssvið	2.2.1. Viðvarandi verkefni.	2.2.1. Áætla þarf kostnað vegna könnunar og fræðslu.

<p>2.3. Að háskóla-svæðið verði aðgengilegt öllum hópum og kennslurými þjóni fjölbreyttum hópi nemenda, fjölbreyttu námi og kennsluaðferðum (m.a. tekið tillit til laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks og 10. grein laga 86/2018).</p>	<p>2.3.1. Aðgengi á háskólasvæðinu – bæði innan bygginga og milli bygginga – sett í forgang með úrbótum í samræmi við aðgengisúttektir. Á tímabilinu verði haldið áfram með aðgengisúttektir á byggingum.</p>	<p>2.3.1. Framkvæmda- og tæknisvið í samráði við skipulagsnefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks.</p>	<p>2.3.1. Viðvarandi verkefni. Árlegur samráðsfundur ábyrgðaraðila um árangur.</p>	<p>2.3.1. Umtalsverður kostnaður vegna aðgengisúttekta og úrbóta sem þarf að áætla. Hluti af starfsemi Framkvæmda- og tæknisviðs.</p>
<p>2.4. Að jafnréttismál í viðum skilningi verði kynnt reglulega með almennum hætti innan HÍ (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 og 7. grein laga nr. 86/2018).</p>	<p>2.4.1. Skipuleggja og halda jafnréttisdaga HÍ sem byggja á þverfaglegri samvinnu og aðkomu sérfræðinga á sviði jafnréttismála.</p>	<p>2.4.1. Jafnréttisfulltrúi í samstarfi við jafnréttisnefnd, ráð um málefni fatlaðs fólks og aðra hagsmunaaðila.</p>	<p>2.4.1. Árlega.</p>	<p>2.4.1. 150.000 kr. árlegur kostnaður.</p>
<p>2.5. Að allt starfsfólk, óháð kyni, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf (sbr. 6. grein laga nr. 150/2020 og 9. gr. laga nr. 86/2018) og að kynjuð hagstjórn/fjármál verði innleidd.</p>	<p>2.5.1. Fylgja jafnlaunastefnu og viðhalda jafnlaunavottun 2.5.2. Stuðningur við rannsóknir sem snúa að kynjuðum fjármálum.</p>	<p>2.5.1. Mannauðssvið. 2.5.2. Jafnréttisfulltrúi í samráði við aðstoðarrekter vísinda.</p>	<p>2.5.1. Árleg endurskoðun. 2.5.2. Viðvarandi verkefni.</p>	<p>2.5.1. Hluti af starfsemi. 2.5.2. Enginn aukakostnaður.</p>
<p>2.6. Að hlutfall kynjanna sé sem jafnast við skipun í nefndir, ráð og stjórnir innan Háskóla Íslands (sbr. 28. gr. laga nr. 150/2020).</p>	<p>2.6.1. Tryggt verði að hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum innan HÍ sé í samræmi við jafnréttislög, þ.e. að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þessi aðgerð skal ekki koma í veg fyrir tilnefningu og skipun kynsegin fólks (þ.e. fólks með hlutlausu skráningu kyns) og</p>	<p>2.6.1. Rektor og forsetar fræðasviða. 2.6.2. Aðstoðarrekter kennslu og þróunar</p>	<p>2.6.1. Viðvarandi verkefni. 2.6.3. Mat liggja fyrir í árslok 2021.</p>	<p>2.6.1. Enginn aukakostnaður. 2.6.2. Áætla hvort þetta feli í sér viðbótarkostnað við þróun mælaborðs.</p>

	<p>skal gæta þess að hlutfall kvenna sé ekki minna en 40% eins og lögin gera ráð fyrir.</p> <p>2.6.2. Kannaðar leiðir til að halda utan um upplýsingar um skipanir og tilnefningar í mælaborði HÍ.</p>			
2.7. Að auka fjölda kynlausra salerna í HÍ.	2.7.1. Fjöldi kynlausra salerna aukinn og stefnt því að slík salerni verði í sem flestum byggingum.	2.7.1. Framkvæmda- og tæknisvið.	2.7.1. Viðvarandi verkefni. Verði hluti af breytingum hverju sinni þegar framkvæmdir liggja fyrir og ávallt þegar um nýbyggingar er að ræða.	2.7.1. Hluti af starfsemi Framkvæmda- og tæknisviðs.
2.8. Að nemendur vinni verkefni um hagnýtingu jafnréttisfræða.	2.8.1. Hvetja nemendur í námskeiði um hagnýtingu jafnréttisfræða til að vinna verkefni um starfsemi á fræðasviðum, deildum og miðlægri stjórnsýslu.	2.8.1. Jafnréttisfulltrúi og umsjónarkennari kynjafræðináms.	2.8.1. Árlega að vori.	2.8.1. Enginn aukakostnaður.
2.9. Að nemendur og starfsfólk fái fræðslu um jafnréttismál, m.a. öraráreitni (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020, 7. gr. laga nr. 86/2018, og lög nr. 59/1992 um réttindi fatlaðs fólks)	2.9.1. Fræðsla, m.a. vefefni fyrir nema og starfsfólk um jafnréttismál í víðum skilningi, þ.á.m. öraráreitni sem t.d. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk verður fyrir.	2.9.1. Forsetar fræðasviða, í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviða.	2.9.1. Á hverju haustmisseri.	2.9.1. Áætla þarf kostnað fræðasviða vegna fræðslu. Nýtt verður upptökuteymi kennslusviðs.
2.10. Að starfsfólk og stjórnendur fái reglulega fræðslu um	2.10.1 Fræðsla um jafnréttismál fléttuð	2.10.1.Mannauðssvið og mannauðsstjórar sviða í samstarfi við	2.10.1.-2. Vormisseri 2021	2.10.1. Enginn aukakostnaður.

<p>jafnréttismál (sbr. 30. grein laga nr. 150/2020 og 7. grein laga nr. 86/2018).</p>	<p>inn í fræðsludagskrá Mannauðssviðs.</p> <p>2.10.2 Fræðsla m.a. með vefefni fyrir starfsfólk og stjórnendur um jafnréttisstefnu og jafnréttismál, m.a. aðgengismál, samþættingu jafnréttissjónarmiða með tilliti til kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, menningar, uppruna og fötlunar.</p>	<p>jafnréttisnefndir fræðasviða og jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnslu.</p> <p>2.10.2. Mannauðssvið og mannauðsstjórar sviða í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviða og jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnslu.</p>	<p>og svo reglulega eftir það.</p>	<p>2.10.2. Kostnaður vegna vefefnis áætlaður kr. 750.000.</p>
<p>2.11. Styðja betur við íslenskunám fyrir starfsfólk og framhaldsnema af erlendum uppruna.</p>	<p>2.11.1. Námskeið eru til staðar og eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Kanna þörf fyrir ný námskeið í íslensku og annars konar aðstoð fyrir starfsmenn og doktorsnema af erlendum uppruna.</p>	<p>2.11.1. Mannauðssvið í samráði við Íslensku- og menningardeild og deildarforseta.</p>	<p>2.11.1. Viðvarandi verkefni (regluleg námskeið).</p>	<p>2.11.1. Óvíst. Áætla þarf kostnað. Hluti af starfsemi mannauðssviðs. (Ósk um viðbót-arframlag til að doktorsnemar geti sótt um, ca 1m. kr.).</p>

<p>2.12. Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni, og annað ofbeldi eða einelti sé ekki liðið í HÍ (sbr. 14. grein laga nr. 150/2020, 10. og 13. grein laga nr. 85/2018 og 7. grein laga nr. 86/2018).</p>	<p>2.12.1. Kynna niðurstöður kannana á umfangi og einkennum kynferðislegrar áreitni, eineltis og annars ofbeldis í Háskóla Íslands.</p> <p>2.12.2. Framkvæma eiginlega könnun meðal nemenda og starfsfólks á umfangi og einkennum kynferðislegrar áreitni, eineltis og annars ofbeldis í Háskóla Íslands.</p> <p>2.12.3. Regluleg fræðsla til nemenda og starfsfólks um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, eineltis og annars ofbeldis og þau úrræði sem HÍ hefur yfir að ráða.</p>	<p>2.12.1. Mannauðssvið, í samvinnu við jafnréttisfulltrúa</p> <p>2.12.2. Mannauðssvið, í samvinnu við jafnréttisfulltrúa</p> <p>2.12.3. Mannauðssvið</p>	<p>2.12.1. Vormisseri 2021 (Jafnréttisdagar)</p> <p>2.12.2. Vormisseri 2022</p> <p>2.12.3. Viðvarandi verkefni</p>	<p>2.12.1. Enginn aukakostnaður.</p> <p>2.12.2. Áætlaður kostnaður við eiginlega könnun 2.865.000 án vsk.</p> <p>2.12.3. Hluti af starfsemi.</p>
<p>2.13. Að bæta upplýsingagjöf um hvert má leita, viðbrögð HÍ og hvernig ferli virka innan skólans þegar kvartað er undan kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni, eða öðru ofbeldi eða einelti í HÍ (sbr. 14. grein laga nr. 150/2020, 10. og 13. grein laga nr. 85/2018 og 7. grein laga nr. 86/2018).</p>	<p>2.13.1. Áhersla á að kynna úrræði HÍ og leiðir til að tilkynna kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti eða annað ofbeldi.</p> <p>2.13.2. Kanna leiðir til að skapa umgjörð og verklagsreglur til að tilkynna áreitni og mismunun á grundvelli fötlunar, uppruna, kyngervis, uppruna, litarháttar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar</p>	<p>2.13.1. Mannauðssvið.</p> <p>2.13.2. Jafnréttisnefnd í samráði við Mannauðssvið</p>	<p>2.13.1. Viðvarandi verkefni.</p> <p>Vormisseri 2022</p>	<p>2.13.1. Hluti af starfsemi.</p> <p>2.13.1. Hluti af starfsemi.</p>

<p>2.14 Tilvist kynsegin fólks í HÍ gerð sýnilegri</p>	<p>2.14.1. Kerfi háskólans taki mið af breytingum á grunnskrá Þjóðskrár um hlutlausa skráningu kyns.</p> <p>2.14.2. Tölfræði um nemendur og starfsfólk taki mið af því að kynin séu fleiri en tvö.</p> <p>2.14.3. Aðstoða kennara við að tileinka sér kynjaðan fjölbreytleika íslensks samfélags</p>	<p>2.14.1. Upplýsingatæknisvið</p> <p>2.14.2. Kennslusvið & Mannauðssvið</p> <p>2.14.3. Kennslusvið</p>	<p>2.14.1. Árslok 2021</p> <p>2.14.2. Viðvarandi verkefni</p> <p>2.14.3. Viðvarandi verkefni</p>	<p>2.14.1. Hluti af starfsemi.</p> <p>2.14.2. Hluti af starfsemi.</p> <p>2.14.3. Hluti af starfsemi</p>
<p>2.15. Að veita nýju akademísku starfsfólki stuðning og jafna stöðu þess.</p>	<p>2.15.1. Mentorakerfi fyrir nýtt akademískt starfsfólk verði þróað áfram og kynnt betur fyrir sviðsforsetum og deildarforsetum.</p>	<p>2.15.1. Mannauðssvið í samráði við sviðsforseta og mannauðsstjóra fræðasviða.</p>	<p>2.15.1. Kynning á mentorakerfi fari fram á hverju haustmisseri.</p>	<p>2.15.1. Hluti af daglegri starfsemi eininga.</p>
<p>2.16 Auka aðkomu fulltrúa nemenda að jafnréttisstarfi HÍ.</p>	<p>2.16.1. Árlegur samráðsfundur SHÍ og hagsmunafélaga nemenda í jafnréttismálum með jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa HÍ.</p>	<p>2.16.1. Jafnréttisnefnd SHÍ í samvinnu við jafnréttisnefnd HÍ, jafnréttisfulltrúa, Stúdentaráð, Femínistafélag HÍ, Félag asískra stúdenta, Hugrónu geðfræðslufélag, Q - félag hinsegin stúdenta og önnur félög stúdenta á sviði jafnréttismála.</p>	<p>2.16.1. Árlegur samráðsfundur.</p>	<p>2.16.1. Enginn aukakostnaður.</p>

3. Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok	Kostnaður
3.1. Að vísindastarf um jafnréttismál verði sýnilegt og aðgengilegt í kynningarstarfi HÍ.	3.1.1. Vísindastarfi um jafnréttismál gerð sérstök skil á margvíslegan og aðgengilegan hátt, svo sem með fyrirlesturum, myndböndum og rannsóknar-niðurstöðum um jafnréttismál aðgengilegum á vef HÍ.	3.1.1. Kynningarstjórar fræðasviða í samstarfi við rannsóknastofnanir á sviði jafnréttismála.	3.1.1. Viðvarandi verkefni.	3.1.1. Hluti af vísindamiðlun HÍ.
3.2. Að efla kynningarstarf fyrir fjölbreytta nemendahópa.	3.2.1. Í kynningarstarfi verði lögð áhersla á fjölbreytileika nemenda og hvar megi finna upplýsingar innan HÍ um stuðning fyrir nemendur.	3.2.1. Markaðs- og samskiptasvið, í samstarfi við fræðasvið.	3.2.1. Viðvarandi	3.2.1. Hluti af vísindamiðlun HÍ.
3.3. Að verkefni um vísindi og fræði nái til fjölbreyttra hópa barna og ungmenna.	3.3.1. Áhersla lögð á að ná til barna innflytjenda og fatlaðra barna í vísindamiðlun skólans og í öðru fræðslustarfi. Áhersla á Háskóla unga fólksins, Háskólalestina og Vísindasmiðjuna. 3.3.2 Kynningarefni nái til fjölbreytts hóps í samfélaginu	3.3.1. Markaðs- og samskiptasvið. 3.3.2. Kynningarstjórar fræðasviða í samvinnu við markaðs- og samskiptasvið.	3.3.1. Árlega í Háskóla unga fólksins og almennt í kynningarefni háskólans. 3.3.2. Viðvarandi	3.3.1. Hluti af vísindamiðlun HÍ. 3.3.2. Hluti af vísindamiðlun HÍ.
3.4. Samræming og aukin áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika í markaðs- og kynningarstarfi.	3.4.1. Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi boði til árlegs samráðsfundar með markaðsráði (markaðs- og samskiptasvið ásamt kynningarstjórum fræðasviða) þar sem fram fari fræðsla.	3.4.1. Jafnréttisnefnd í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og ráð um málefni fatlaðs fólks.	3.4.1. Samráðsfundur annað hvert ár.	3.4.1. Hluti af starfsemi.

<p>3.5 Aukið samstarf við aðra háskóla á sviði jafnréttismála</p>	<p>3.5.1 Þátttaka í samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa innlendra háskóla</p> <p>3.5.2 Þátttaka í <i>Diversity</i> hóp Aurora Alliance sem HÍ er hluti af ásamt öðrum evrópskum háskólum.</p>	<p>3.5.1. Jafnréttisfulltrúi.</p> <p>3.5.2. Jafnréttisfulltrúi.</p>	<p>3.5.1. Tveir samráðsfundir árlega, með aðkomu LÍS, og samstarf um Jafnréttisdaga</p> <p>3.5.2. Tveir samráðsfundir árlega</p>	<p>3.5.1. Hluti af starfsemi rektorsskrifstofu.</p> <p>3.5.2. Hluti af Aurora samstarfi.</p>
---	---	---	--	--

4. Eftirfylgni

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok	Kostnaður
4.1. Að jafnréttisáætlun HÍ sé fylgt eftir með fullnægjandi hætti.	<p>4.1.1. Jafnréttisnefndir/-fulltrúi fræðasviða og stjórnslu fylgi jafnréttisáætlun HÍ eftir með því að setja sviðinu/stjórnslu aðgerðaáætlun sem tekur mið af jafnréttisáætlun HÍ.</p> <p>4.1.2. Jafnréttisnefndir/-fulltrúi fræðasviða fundi a.m.k. árlega með sviðsstjórn, þar sem gerð er grein fyrir starfinu og rætt um þörf á aðkomu og stuðningi stjórnenda við einstakar aðgerðir.</p> <p>4.1.3. Jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnslu fundi árlega með framkvæmdastjóra miðlægrar stjórnslu og geri grein fyrir starfinu og þörf fyrir stuðning stjórnenda.</p>	<p>4.1.1. Jafnréttisnefndir fræðasviða og miðlægrar stjórnslu.</p> <p>4.1.2. Jafnréttisnefndir fræðasviða</p> <p>4.1.3. Jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnslu</p>	<p>4.1.1. Haustmisseri 2021.</p> <p>4.1.2. Árlega</p> <p>4.1.3. Árlega</p>	<p>4.1.1. Hluti af starfsemi.</p> <p>4.1.2. Hluti af starfsemi.</p> <p>4.1.3. Hluti af starfsemi.</p>
4.2. Að lagt sé mat á hvort jafnréttisáætlun skili tilætluðum árangri.	4.2.1. Viðhorfskönnun meðal starfsfólks m.t.t. verkefna áætlunarinnar.	4.2.1. Mannauðssvið í samráði við jafnréttisnefnd og mannauðsstjóra fræðasviða.	4.2.1. Haustmisseri 2022.	Áætla þarf kostnað við að bæta spurningum inn í kannanir mannauðssviðs.
4.3 Að lagt sé mat á stöðu og þróun jafnréttismála innan HÍ.	4.3.1. Á fimm ára fresti sé gerð skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála við HÍ.	4.3. 1. Rektor, í samráði við jafnréttisnefnd.	4.3.1. Á fimm ára fresti. Næsta skýrsla fjalli um tímabilið 2017-2021, og komi út árið 2022.	4.2.1. Áætlaður kostnaður kr. 3.500.000